

Alþingi
Erindi nr. P 132/1985
komudagur 2.5.2006



Reykjavík 2. maí 2006

Menntamálanefnd Alþingis,
b.t. Elísabet Rán Andrésdóttir,
Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Vísað er í bréf menntamálanefndar Alþingis frá 25. apríl 2006 þar sem óskað var eftir álitni Hins íslenska náttúrufræðifélags á frumvarpi til laga um Náttúruminjasafn Íslands, 688. mál, heildarlög. Umsögn stjórnar félagsins fylgir ásamt fylgiskjali sem er ljósrit úr skýrslu félagsins frá 1951 og vísað er til í umsögninni.

Auk þess sendi ég nú ályktun um Náttúruminjasafnið sem samþykkt var á aðalfundi félagsins fyrr í vetur.

Virðingarfyllst,

Kristín Svavarsdóttir

Kristín Svavarsdóttir,
formaður.



Reykjavík 2. maí 2006

Menntamálanefnd Alþingis,
Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Umsögn Hins íslenska náttúrufræðifélags við frumvarp til laga um Náttúruminjasafn Íslands, 688. mál, heildarlög.

Stjórn Hins íslenska náttúrufræðifélags (HÍN) fagnar því að frumvarp sé komið fram á Alþingi um Náttúruminjasafn Íslands, en það hefur verið á stefnuskrá félagsins í yfir 100 ár, eða allt frá stofnun félagsins árið 1889. Um gagnsemi safnsins hefur verið margt ritað og er Ísland sennilega eitt fárra landa sem ekki á gott náttúruminjasafn.

HÍN minnir á samning sem gerður var milli félagsins og menntamálaráðuneytisins hinn 16. júní 1947 er félagið gaf ríkinu náttúrugripasafn sitt, aðrar eignir og veglegan byggingarsjóð. Með samningi þeim skuldbatt menntamálaráðuneytið sig til að byggja yfir safnið og auk þess 1) að félagið skuli fá ókeypis til afnota eitt herbergi í hinni nýju náttúrugripasafnsbyggingu, 2) að félagið skuli fá ókeypis hæfilegt geymslurými fyrir tímarit og útgáfur, 3) að félagið fái ókeypis afnot af kennslusal til fundahalda og 4) að félagar HÍN fái ókeypis aðgang að hinu nýja náttúrugripasafni (sjá nánar í skýrslu um Hið íslenska náttúrufræðifélag félagsárin 1944-1946, bls. 106-112, Reykjavík; fylgiskjal).

Eftirfarandi eru athugasemdir stjórnar félagsins við frumvarpið:

1. gr. Engar athugasemdir.

2. gr. Náttúra Íslands spannar mjög lítinn hluta af náttúrusögu jarðarinnar, eða aðeins síðustu 17 milljón árin og af þeim hafa jökklar hulið landið af og til síðustu 2 milljón árin. Síðasta jökulskeiði lauk fyrir um 10.000 árum þannig að saga gróðurfars og dýralífs er hlutfallslega mjög stutt hér á landi. Náttúruminjasafnið þarf því að kynna sögu náttúrunnar yfir mun lengri tíma og yfir fleiri loftslagsbelti en mögulegt er að gera með því að kynna eingöngu náttúru Íslands.

Við leggjum því til að inn í 2. gr. 1.mgr. verði bætt: „...varpa ljósi á náttúruna almennt, náttúru Íslands, ...“. Náttúra Íslands er samofin náttúru annarra landa og verður að vera í samhengi við hana þótt áherslan verði á náttúru Íslands.

Enn fremur mun Náttúruminjasafnið þurfa að hafa samvinnu við erlendar stofnanir á sama sviði og því er lagt til að í síðustu mgr. verði bætt inn: „...eiga samstarf við vísinda- og rannsóknastofnanir á vegum ríkisins og annarra aðila á sviði náttúrufræða **hérlandis sem erlendis.**“

Einnig er rétt að gera ráð fyrir því í frumvarpinu að ýmsar stofnanir og fyrirtæki, jafnvel einstaklingar, geti átt samstarf við hið nýja Náttúruminjasafn.

Tekið er undir þann skilning að Náttúruminjasafnið hafi rannsóknaskyldum að gegna, enda vandséð að það geti sinnt hlutverki sínu án þeirra.

3. gr. Náttúrufræðistofnun Íslands verður skv. frumvarpinu vísindalegur bakhjarl safnsins og er það vel við hæfi þar sem stofnunin er afsprengi safnsins. Þó er lagt til að inn í 1. mgr. verði bætt: „.....Stofnanirnar skulu hafa með sér náði samstarf eftir atvikum, sem skal grundvallast af sérstöku samkomulagi milli þeirra.“

Hér er bætt inn í varnagla „ eftir atvikum“ þar sem ýmis atvik eða ástæður geta legið fyrir því að safnið þurfi að leita til annarra aðila en Náttúrufræðistofnunar, t.d. vegna sérsýninga þar sem Náttúrufræðistofnun hefur ekki sérþekkingu á höndum, s.s. lífríki hafs eða vatna.

Lagt er til að lög um Náttúrufræðistofnun Íslands verði endurskoðuð þannig að skyldur stofnunarinnar gagnvart safninu verði vel skilgreindar.

4. gr. Engar athugasemdir.

5. gr. Náttúruvísindi hafa verið kennd við Háskóla Íslands í rúm 30 ár og nú hagar þannig til að á Íslandi er stór hópur vel menntaðra náttúruvísindamanna, bæði menntaður hérlandis og erlendis. Það er því óþarfi að gefa því undir fótinn að stjórnun Náttúruminjasafnsins verði á höndum aðila sem ekki hefur sérþekkingu á sviði náttúruvísinda. Það er tillaga HÍN að þarna breytist 1. mgr. á eftirfarandi hátt. „*Menntamálaráðherra skiparSkal safnstjóri hafa háskólamenntun í náttúrufræðum eða sambærilega menntun.*“ Staðgóð þekking á starfsemi safns nægir hvergi erlendis til að menn teljist hæfir til að sinna slíku starfi, það er einfaldlega nauðsynlegt að viðkomandi hafi háskólapróf í náttúrufræðum.

Í athugasemdum við frumvarpið er undarleg setning sem lagt er til að verði sleppt eða henni breytt. Þar stendur varðandi stjórnanda safnsins: „*Almennt er eðlilegt að gera kröfu um háskólamenntun þótt hæfur einstaklingur til að stýra stofnuninni geti einnig haft viðtæka reynslu og þekkingu þótti til grundvallar liggja ekki háskólagráða, sbr. t.d. bændur.*“ Náttúrufræði tekur yfir margar vísindagreinar sem kenndar eru við háskóla og það er sennilega fyrir mistök að menntamálaráðuneytið geri svo lítið úr mikilvægi þeirra. Reynsla bænda getur ekki talist nægileg til að stýra Náttúruminjasafni Íslands frekar en Listasafni Íslands eða Landsbókasafni Íslands.

6. gr. Engin athugasemd.

7. gr. Engin athugasemd.

8. gr. Engin athugasemd.

Ákvæði til bráðabirgða

Lagt er til að fyrsta setning verði eftirfarandi: „*Gripir, sem við gildistöku og hafa fyrst og fremst sýningargildi skulu eftir gildistöku laga þessara vera á forræði Náttúruminjasafns Íslands samkvæmt samkomulagi stofnananna.*“ Tillagan er um að sleppt verði „**en ekki vísindagildi**“. Ástæðan er sú að allir gripir hafa eitthvert vísindagildi og ástæðulaust að auka á vandamál við skiptingu safnsins. Bæði söfnin verða áfram í eigu ríkisins og opin aðgangur að þeim báðum þannig að þótt lögð sé áhersla á að sýningargripir verði á forsjá Náttúruminjasafns mun það ekki hindra rannsóknir á þeim á nokkurn hátt.

Aðrar athugasemdir:

- 1) Í athugasemdum við frumvarpið 1. mgr. er getið Björns Bjarnarsonar. Bent er á að í fðurnafninu á að vera r: Bjarnarson.
- 2) Er HÍN afhenti safnið ríkinu til eignar fylgdi því byggingarsjóður gegn því loforði að byggt yrði yfir safnið. Ítrekað er að þetta loforð var gefið árið 1947 og eru því komin 60 ár frá því að það var gefið. Stjórn HÍN leggur áherslu á að gerð verði framkvæmdaáætlun um byggingu Náttúruminjasafns og að stjórnvöld leggi fram fjármuni til framkvæmda. Saga safnsins er ótrúleg og það er brýnt að þeirri þrautargöngu fari að ljúka.
- 3) Í athugasemdum er getið þess möguleika að Náttúruminjasafn Íslands og Náttúrufræðistofnun sameinist um húsnæði og aðstöðu. Meginhlutverk þessara stofnana eru ólík og það gæti orðið dragbítur á að safnið fái viðunandi húsnæði ef tvö ráðuneyti þurfi að sjá um kostnað og framkvæmdir. Lögð er áhersla á að bygging Náttúruminjasafns dragist ekki vegna þessa.

Stjórn HÍN hefði kosið að fá drög frumvarpsins fyrr í hendur til að geta gert athugasemdir við það áður en það var lagt fram á Alþingi. Efni frumvarpsins skiptir félagið miklu þar sem það var HÍN sem stofnsetti safnið og hafði af því veg og vanda þar til það var afhent ríkinu til eignar og umsjónar. Því miður verður að segjast að ríkið hefur ekki sinnt safninu sem skyldi og er því gleðiefni að nú hilli undir að rísi Náttúruminjasafn Íslands sem Íslendingar geti verið stoltir af.

Fyrir hönd stjórnar Hins íslenska náttúrufræðifélags,



Kristín Svavarsdóttir,
formaður

kristin.svavarsdottir@land.is
Landgræðslu ríkisins,
Skúlagötu 21,
101 Reykjavík



HÍÐ ÍSLENSKA NÁTTÚRUFRAÐIFÉLAG – HÍN
Hlemmi 3, 105 Reykjavík

1) Ályktun um Náttúruminjasafn Íslands:

„Aðalfundur Hins íslenska náttúrufræðifélags, haldinn 25. febrúar 2006 í Kópavogi, ítrekar fyrri ályktanir aðalfunda Hins íslenska náttúrufræðifélags til margra ára um málefni Náttúruminjasafns Íslands, höfuðsafs íslensku þjóðarinnar í náttúrufræðum, sem félagið hefur barist fyrir í meira en heila öld. Hið íslenska náttúrufræðifélag hvetur menntamálaráðherra og aðra hlutaðeigandi aðila til að beita sér af fullum þunga fyrir því að ráðist verði hið fyrsta í byggingu veglegs og nýstárlegs sýningar- og kennslusafns í náttúrufræðum, sem hafi aðsetur á höfuðborgarsvæðinu og starfi í tengslum við Náttúrufræðistofnun Íslands.

Hið íslenska náttúrufræðifélag fagnar því að hreyfing er komin á málið, m.a. fyrir atbeina núverandi menntamálaráðherra, og er varðar frumvarpsdrög að sérlægum um Náttúruminjasafn Íslands (sbr. bráðabirgðaákvæði í safnalögum nr. 106/2002). Félagið harmar hins vegar að hafa ekki verið haft með í ráðum við smíði frumvarpsins og telur eðlilegt, í ljósi samofinnar sögu og tengsla félagsins við Náttúruminjasafn Íslands og Náttúrufræðistofnun Íslands, að félagið fái frumvarpið til umfjöllunar áður en það verður lagt fyrir Alþingi. Hið íslenska náttúrufræðifélag væntir góðs samstarfs við ráðuneyti mennta- og umhverfismála um framtíðarmálefni Náttúruminjasafns Íslands.“

Greinargerð.

Hið íslenska náttúrufræðifélag minnir á, að í ár eru liðin 117 ár frá stofnun félagsins, en megintilgangur með stofnun þess, 16. júlí 1889, var „að koma upp sem fullkomnustu náttúrugripasafni á Íslandi.“ Slíku safni var ætlað að vera landssafn, sem hefði setur sitt í höfuðstað Íslands, og hefur því jafnan verið litið til Reykjavíkur í því tilliti. Hið íslenska náttúrufræðifélag stofnaði líka og rak þar náttúrugripasafn á tímabilinu 1889 – 1947, eða þangað til safnið var afhent ríkinu til eignar og rekstrar, ásamt vænum húsbýggingarsjóði, sem félagið hafði safnað í tímans rás.

Um náttúrugripasafnið voru sett lög 1951 og ríkisstofnunin Náttúrugripasafn Íslands sett á laggirnar, sem árið 1965 varð Náttúrufræðistofnun Íslands með nýrri lagasetningu. Þrátt fyrir alúð og ástundun starfsmanna þeirrar stofnunar hefur safn þetta jafnan búið við þröng kjör, nú síðastliðinn 40 ár í óaðgengilegu, lyftulausu bráðabirgðahúsnæði við Hlemm, í tveimur 50 fermetra herbergjum, hvoru á sinni hæðinni. Staða húsnæðismála í dag er vart betri en fyrir heilli öld og tæpum tveimur áratugum betur, þegar safnið var í heimahúsi Benedikts Gröndals, fyrsta formanns HÍN og forstöðumanns safnsins á tímabilinu 1889-1900. Hér er ólíku saman að jafna við önnur helstu söfn þjóðarinnar, Listasafn Íslands, Þjóðminjasafn Íslands og Þjóðarbókhöfðuna, sem öll hafa tiltölulega nýlega fengið viðunandi úrbætur á húsnæðismálum.

Ekki er skárri ástandið í húsnæðismálum náttúruminjasafna ríkisins þegar horft er til Náttúrugripasafnsins í umsjón Akureyrarseturs Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þar hefur mjög

Fylgiskjal m/umsögn Hins ístenska
náttúrufræðifélags við frumvarp til laga
um Náttúruningjafar Íslands, 688. mál,
heildarlög. 2. maí 2005.

SKÝRSLA

UM

HÍÐ ÍSLENZKA NÁTTÚRUFRÆÐIFÉLAG

FÉLAGSÁRIN 1944 — 1946

REYKJAVÍK
ÍSAFOLDARPRENTSMÍÐJA H.F.
1951

kynntu sér þar nýtizku söfn. Var efnt til þessarar farar vegna eindreginna tilmæla Gunnlaugs, og hafði hann sérstaklega óskað þess, að náttúrufræðingur væri með í förinni. För þessi var kostuð af happdrætti háskólans.

Síðan hefur Gunnlaugur Halldórsson unnið að því að fullgera uppdrætti af byggingu náttúrugripasafnsins, og hefur nefndin samþykkt þá fyrir sitt leyti, og sömuleiðis hafa þeir verið samþykktir af háskólaráði.

Um húsbýggingarmálið skal svo ekki fjölyrt meira að sinni. Öllum undirbúningi í málinu er nú lokið, og uppdrættir hafa verið samþykktir. Er því hægt að hefjast handa um byggingu safnsins, strax og háskólinn telur sig hafa fjárhagslega getu til þess og að fengnu fjárfestingarleyfi. Sumum kann að finnast, að aðdragandi og undirbúningur hinnar fyrirhuguðu safnbýggingar sé orðinn nokkuð langur, og má það til sanns vegar færa. En hafa verður það í huga, að slíkar framkvæmdir sem þessar þarf að undirbúa vel og rækilega, ef komast á hjá alvarlegum mistökum. Og við skulum vona, að hin mikla vinna, sem lögð hefur verið í að undirbúa safnbýgginguna, eigi eftir að stuðla að því, að hið langþráða náttúrugripasafn okkar uppfylli þær kröfur, sem gera verður til nýtizku safna.

5. AFHENDING SAFNSINS.

Náttúrugripasafnið hefur frá upphafi haft sérstöðu meðal íslenzkra safna. Öll hin söfnin eru og hafa um langt skeið verið ríkisstofnanir með föstu starfsliði, en náttúrugripasafnið hefur verið einkafyrirtæki Hins ís-

lenzka náttúrufræðifélags. Að visu hefur það frá byrjun verið rekið með styrk frá ríkinu, en hann hefur þó aldrei nægt til þess, að hægt væri að tryggja því fast starfslið. Þessi sérstaða náttúrugripasafnsins hefur alla tíð hindrað eðlilega þróun þess og valdið margvislegum óþægindum öðrum í sambandi við rekstur þess. Það er því ekki nema eðlilegt, að alloft hafi verið rætt um það innan félagsins, að afhenda bæri safnið ríkinu til eignar og umráða, svo að framtíð þess væri betur tryggð. Má í því sambandi benda á umræður, sem urðu um þetta á aðalfundi 1939, en þær hafa verið raktar hér að framan (bls. 95—96). úr framkvæmdum hefur þó ekkert orðið, bæði vegna þess, að um þessa breytingu á stöðu safnsins hafa verið skiptar skoðanir innan félagsins, og svo hefur ríkið verið tregt til að veita safninu viðtöku vegna aukins kostnaðar, er það hefði í för með sér.

En með bréfi dags. 25. júní 1946 fór stjórn náttúrufræðifélagsins þess á leit við þáverandi menntamálaráðherra, Brynjólf Bjarnason, að safninu væri í fjárlögum fyrir árið 1947 ætlaðar kr. 96.110,00 í stað kr. 55.000,00 í fjárlögum ársins 1946. Í bréfinu er nauðsyn þessarar hækkunar á fjárframlagi til safnsins rökstudd með því, að nauðsynlegt sé að ráða fast starfslið að safninu, ef koma eigi í veg fyrir stórfelldar, áframhaldandi skemmdir á munum þess. Í bréfinu segir að lokum á þessa leið: „Sjái ríkisstjórn og alþingi sér hins vegar ekki fært að fallast á þá aukningu á fjárveitingu til náttúrufræðifélagsins, sem farið er fram á hér að framan og er hið minnsta, sem stjórn félagsins telur, að hægt sé að komast af með, telur stjórnin sig ekki geta staðið undir ábyrgðinni á rekstri safns-

ins áfram. Fáist fjárveitingin ekki samþykkt, gerir stjórnin það því að varatillögu sinni, að ríkið taki nú þegar við safninu með öllu tilheyrandi og hafi allan veg og vanda af rekstri þess framvegis“.

Hinn 16. október 1946 svarar menntamálaráðherra, Brynjólfur Bjarnason, bréfi félagsstjórnarinnar á þessa leið:

„Með skírskotun til bréfs stjórnar Hins íslenska náttúrufræðifélags, dags. 25. júní þ. á., varðandi fjárframlög til Náttúrugripasafnsins og rekstur þess í framtíðinni, vill ráðuneytið skýra félaginu frá því, að það er reiðubúið að taka safnið að fullu og öllu í sínar hendur, hvenær sem félagið æskir að afhenda það.

En til bráðabirgða hefur ráðuneytið ákveðið að ráða að safninu frá 1. janúar 1947 að telja tvo fasta starfsmenn, þá dr. Sigurð Þórarinsson, jarðfræðing, og dr. Finn Guðmundsson. eru störf þeirra nánar greind í erindisbréfum þeirra hvors um sig“.

Í samræmi við bréf menntamálaráðherra lagði stjórn náttúrufræðifélagsins uppkast að samningi um afhendingu safnsins fyrir næsta aðalfund félagsins, sem haldinn var 22. febrúar 1947. Uppkastið, sem samþykkt var einróma á fundinum, hljóðar þannig:

„Aðalfundur Hins íslenska náttúrufræðifélags fyrir árið 1946, haldinn í 1. kennslustofu háskólans laugardaginn 22. febrúar 1947, samþykkir að afhenda ríkinu nú þegar náttúrugripasafnið til eignar og umráða. Felur fundurinn félagsstjórninni að ganga frá

samningum við ríkisstjórnina um afhendinguna á eftirfarandi grundvelli:

1. Hússjóður, að upphæð kr. 82.396,21, fylgi safninu, sömuleiðis bækur þær, sem safninu hafa áskotnast hingað til. Fuglamerkingastarfsemin og útgáfa vísindaritsins (Acta naturalia islandica) verði einnig áfram á vegum safnsins.
2. Félaginu verði látið ókeypis í té herbergi í hinni nýju náttúrugripasafnsbyggingu, sem verði skrifstofa þess og aðalbækistöð. Ennfremur fái félagið ókeypis hentugt geymslupláss í safnbyggingunni fyrir upplög Náttúrufræðingsins, Flóru Íslands og Skýrslunnar, svo og annarra rita, sem félagið kynni að gefa út. Félagið fái ókeypis afnot af kennslusal hins nýja safns til fundahalda. Félagsmenn fái ókeypis aðgang að safninu“.

Hinn 16. júní 1947 undirrituðu þáverandi menntamálaráðherra, Eysteinn Jónsson, og stjórn náttúrufræðifélagsins samninginn um afhendingu safnsins. Samningurinn er á þessa leið:

„Stjórn Hins íslenska náttúrufræðifélags og menntamálaráðuneytið gjöra með sér svofelldan samning:

Stjórn Hins íslenska náttúrufræðifélags afhendir hér með menntamálaráðuneytinu f. h. ríkissjóðs náttúrugripasafn félagsins til fullrar eignar og umráða, ásamt sjóði þeim, að fjárhæð kr. 82.396,21 — áttatíu og tvö þúsund þrjú hundruð níutíu og sex 21/100 —, er félagið hefur myndað í því skyni að reisa safninu hús, svo og bækur, áhöld, skjöl og allt annað, er safninu hefur fylgt og fylgir. Félagið af-

hendir einnig allt það, er varðar fuglamerkingastarfsemi félagsins og útgáfu vísindaritsins „Acta naturalia islandica“.

Í staðinn skuldbindur menntamálaráðuneytið sig til að láta Hinu íslenska náttúrufræðifélagi í té ókeypis eitt herbergi í hinni nýju náttúrugripasafnsbyggingu, er verði skrifstofa félagsins og aðalbækistöð. Ennfremur skal félagið fá ókeypis hentugt og hæfilegt geymslurúm í nefndri safnbyggingu fyrir upplög tímaritsins Náttúrufræðingsins, Flóru Íslands, ársskýrslu félagsins og annarra rita, er félagið kann að gefa út og nánar semst um. Þá skal félagið og fá ókeypis afnot af kennslusal hinnar fyrirhuguðu náttúrugripasafnsbyggingar til fundahalda sinna, eftir nánara samkomulagi, þegar smíði hússins er lokið. Félagar í Hinu íslenska náttúrufræðifélagi skulu fá ókeypis aðgang að náttúrugripasafninu.

Framangreind afhending miðist við 1. janúar 1947. Samningur þessi er undirritaður í tveimur samhljóða frumritum og heldur hver aðili sínu eintaki“.

Með afhendingu náttúrugripasafnsins til ríkisins hafa orðið þáttaskipti í sögu náttúrufræðifélagsins. Það hefur frá upphafi verið aðaltilgangur félagsins að koma upp sem fullkonnustu náttúrugripasafni, og hefur það eitt út af fyrir sig verið ærið verkefni fyrir félagið. Önnur verkefni hafa því af eðlilegum ástæðum orðið að sitja á hakanum. Með afhendingu safnsins hefur verið létt af félaginu mikilli byrði, en um leið hafa skapast möguleikar fyrir félagið til þess að beita sér af auknum krafti fyrir því að efla ýmsa aðra þætti félagsstarfseminnar. Má í því sambandi nefna útgáfustarfsemi, sam-

komur og fræðsluferðir, baráttu fyrir náttúruvernd og margt fleira.

Með útgáfu Náttúrufræðingsins hefur félagið mjög góða aðstöðu til að vekja og glæða áhuga almennings á náttúrufræði, en það er ákaflega þýðingarmikið, því að í okkar fámenna landi getur almenningur á margvislegan hátt rétt hinum fáu náttúrufræðingum hjálpanði hönd í sambandi við rannsóknir þeirra. Náttúrufræðinginn mætti þó vafalaust bæta mikið með því að gera efni hans fjölbreyttara og aðgengilegra fyrir almenning. Útgáfurétturinn að Flóru Íslands er, eins og kunnugt er, einnig í höndum félagsins, og mun það væntanlega annast um nýjar útgáfur Flórunnar í framtíðinni, þegar þess gerist þörf. Sömuleiðis ætti félagið að beita sér fyrir því, að gefnar verði út handhægar bækur, hliðstæðar Flórunni, með góðum myndum og lykklum til ákvörðunar á íslenskum dýrum, svo sem hryggdýrum (spendýrum, fuglum og fiskum), bjöllum og fiðrildum, lindýrum, krabbadýrum, skrápdýrum o. s. frv. Slíkt ritsafn mætti gjarna nefnast Fána Íslands í samræmi við Flóru Íslands.

Samkomur og fræðsluferðir eru nú orðnar að föstum lið í starfsemi félagsins, en þann þátt starfseminnar má þó ófalað enn efla til muna og um leið gera hann fjölbættari. Einnig gæti félagið beitt sér fyrir erindaflutningi um náttúrufræði í útvarpinu, og fleira af þessu tagi mætti nefna.

Að lokum má svo benda á það, að það virðist vera tilvalið verkefni fyrir félagið að beita sér fyrir náttúruvernd, sem nú er að verða aðkallandi nauðsyn hér á landi. Kemur þar fyrst og fremst til greina friðun

ákveðinna staða eða svæða, sem hafa einhverja sérstaka náttúrufræðilega þýðingu.

Í stuttu máli sagt er ég þeirrar skoðunar, að það sé fjarri því, að fótunum sé kippt undan félaginu, þó að það hafi látið safnið af hendi. Ég fæ ekki betur séð, en að verkefnið blasi hvarvetna við, og með því að auka og endurskipuleggja starfsemi sína á öðrum sviðum, er ég þess fullviss, að félagið muni í framtíðinni innna af hendi mikið og merkilegt starf á vettvangi islenskrar náttúrufræði.

Reykjavík, í febrúar 1948.

Finnur Guðmundsson.

